

Minnisblað

Efni: Svör við spurningum frá efnahags- og viðskiptanefnd varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar

Frá: Fjármálaráðuneytinu/Tekju og lagaskrifstofu

Á fundi efnahags- og viðskiptanefndar þann 12. apríl bárust fulltrúum fjármálaráðuneytisins tvær spurningar sem ekki var hægt að svara á þeim fundi og er hér að finna svör við þeim spurningum.

1. Hvert er tekjutap ríkissjóðs við að framlengja ákvæði X til bráðabirgða til 31. desember 2006.

Ef litið er til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á hópferðarbifreiðum samkvæmt umræddu ákvæði á síðustu fjórum árum þá hefur meðaltal slíkrar endurgreiðslu numið um 58.7 m. kr. á ári. Mætti því segja að tekjutap ríkissjóðs vegna framlengingar á umræddu ákvæði nemi tæplega 60 m. kr. Þess ber þó að geta að afar erfitt er að spá fyrir um hve margar rútubifreiðar verða fluttar inn árið 2006 og gætu því skekkjumörk orðið veruleg.

2. Hver er fjöldi innfluttra rafmagnsbifreiða.

Samkvæmt upplýsingum frá tollstjóra hafa 23 rafknúnar bifreiðar verið fluttar inn á síðustu þrem árum, eða 11 árið 2002, 3 árið 2003 og 9 árið 2004.

Minnisblað

Efni: Svör við spurningum frá efnahags- og viðskiptanefnd varðandi frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Til: Efnahags- og viðskiptanefndar

Frá: Fjármálaráðuneytinu/Tekju og lagaskrifstofu

1. Hvaða afleiðingar hefði það á tekjuhlíð ríkissjóðs ef sú breyting yrði gerð á 2. gr. frumvarpsins, að fleiri ökutæki sem nota eldsneyti sem er minna skaðlegt fyrir umhverfið fengju sömu eftirgjöf á virðisaukaskatti og lagt er til að vetnisbifreiðar hljóti?

Þar sem framleiðsla vetnisbifreiða er ennþá á rannsóknar- og tilraunastigi, er verð slíkra bifreiða mun hærra en annarra bifreiða, og þær því ekki samkeppnishæfar í verði við aðrar innfluttar bifreiðar. Þessu er ekki fyrir að fara hvað varðar önnur ökutæki á Íslandi sem nota minna skaðlegt eldsneyti fyrir umhverfið, sbr. tvíorkubifreiðar, sem nota metangas og bensín, og rafmagnsbifreiðar. Slíkar bifreiðar eru komnar mun lengra í rannsóknarferlinu og verð slíkra bifreiða mikið mun lægra en vetnisbifreiða og eru samkeppnishæf í verði við önnur innflutt ökutæki sem knúin eru hefðbundnu eldsneyti hér á landi. Líklegt getur því verið að ökutæki sem nota minna skaðlegt eldsneyti fyrir umhverfið verði flutt inn í stað ökutækja sem knúin eru hefðbundnu eldsneyti og njóta ekki eftirgjafar opinberra gjalda.

Því er hætt við að það hefði neikvæðar afleiðingar fyrir tekjuhlíð ríkissjóðs á gildistíma frumvarpsins ef sú breyting yrði gerð á 2. gr. frumvarpsins, að fleiri ökutæki sem nota eldsneyti sem er minna skaðlegt fyrir umhverfið fá eftirgjöf á greiðslu virðisaukaskatts, til samræmis við vetnisbifreiðar.

Þá miðast frumvarpið við vetnisbifreiðar sem fluttar eru inn í rannsóknarskyni og því tilgangurinn að stuðla að frekari rannsóknum á vetni hér á landi. Ljóst er að rannsóknarferli annarra ökutækja, sem nýta eldsneyti sem er minna skaðlegt fyrir umhverfið, er komið mun lengra. Geta því þær forsendur sem liggja að baki eftirgjöf opinberra gjalda af vetnisbifreiðum i frumvarpinu ekki átt við önnur ökutæki sem knúin eru af öðrum orkugjafa.

2. Hvaða afleiðingar hefði það á tekjuhlíð ríkissjóðs ef sú breyting yrði gerð á 2. gr. frumvarpsins, að virðisaukaskattur vegna kaupa á vetnisbifreið yrði endurgreiddur eða felldur niður að öllu leyti í stað 2/3 hluta?

Eins og rakið er hér að framan eru vetnisbifreiðar ekki samkeppnishæfar við aðrar innfluttar bifreiðar hvað verð þeirra varðar. Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er lagt til að heimilt verði að endurgreiða eða fella niður 2/3 hluta virðisaukaskatt af vetnisbifreiðum sem fluttar eru inn í raunnsóknarskyni. Í umsögn fjárlagaskrifstofu við frumvarpið er ekki gert ráð fyrir því að fjöldi innfluttra vetnisbifreiða verði meiri en 10-20 á ári þannig að áhrif frumvarpsins á tekjuhlíð ríkissjóðs verða að öllum líkindum hverfandi.

Ekki verður hér lagt mat á það hvort fleiri vetnisbifreiðar yrðu fluttar inn til landsins ef endurgreiðslan/niðurfellingin á virðisaukaskattinum yrði hærri. Ljóst er þó að með slíkri breytingu myndi ríkissjóður ekki fá tekjur í formi virðisaukaskatts sem hann ella fengi, sbr. 2. gr. frumvarpisins. Þar sem vetnisbifreiðar eru ekki samkeppnishæfar við aðrar innfluttar bifreiðar verður þó að telja að hækkun á endurgreiðslu/niðurfellingu virðisaukaskatts hefði ekki áhrif á innflutning annarra ökutækja og því óveruleg áhrif á tekjuhlið ríkissjóðs. Þá ber að geta þess að við umfjöllun þessa verður ekki litið til hugsanlegs innskattsréttis virðisaukaskattsskyldra aðila vegna innflutnings á vetnisbifreiðum.

3. Tollflokkun á innfluttum tækjum hjá Íslenskri erfðagreiningu ehf.

Ekki eru neinar sérreglur sem gilda um tollflokkun eða skattlagningu á þeim tækjum sem Íslensk erfðagreining ehf. hefur flutt til landsins. Fyrirtækið sem er í virðisaukaskattsskyldri starfsemi, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, fær því innskatt á móti greiddum virðisaukaskatti við innflutning. Þá greiðir fyrirtækið tolla og vörugjald af innflutningi sínum í samræmi við lög og reglur þar um.

4. Strætisvagnar.

Ráðuneytið vill áréttta þá skoðun sína sem fram kom á fundi efnahags- og viðskiptanefndar að mælst er gegn breytingum á 1. gr. frumvarpisins á þann veg að heimilt að endurgreiða 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á strætisvögnum. Í frumvarpinu er lagt til að framlengja ákvæði X til bráðabirgða í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um eitt ár í viðbót, eða til loks ársins 2006. Skýrt er tekið fram í ákvæðinu að það tekur ekki til almenningsvagna.

Framangreint ákvæði um endurgreiðsla á 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu á hópferðarbifreiðum var lögfest með lögum nr. 57/2001. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu sem varð að umræddum lögum kemur fram að ástæða þess að endurgreiðslan taki ekki til strætisvagna sé vegna þess að eingöngu sé verið að koma til móts við þann umhverfis- og öryggisvanda sem stafar af úreltum hópferðarbifreiðum landsins. Rétt er að taka fram að strætisvagnar njóta skattalegrar ívilnunar sem hópferðarbifreiðafloti landsins nýtur ekki hvað varðar greiðslu á þungaskatti en samkvæmt 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, skal þungaskattur vera 70% lægri af rekstri almenningsvagna í áætlunarferðum. Sambærilega eftirgjöf er að finna í lögum nr. 87/2004, um olíugjald og kílómetragjald, sbr. 6. gr. umræddra laga.

Alþingi
Erindi nr. P 131/1822
komudagur 4/31/1822



IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Alþingi - Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarritari Stefán Árni Auðólfsson
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 8500 bréfasími: 562 1289
netfang: postur@ivr.stjr.is
veffang: <http://www.raduneyti.is/ivr>

Reykjavík, 2. maí 2005
Tilvísun : IVR05040094/10.201/SÞ

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. apríl 2005, um umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl, með síðari breytingum, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum og tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi 2004–2005).

Fagnað er framlagningu frumvarpsins og tekið er undir meginrök og forsendur sem fram koma í almennum athugasemdum þess.

Tilgangur frumvarpsins er að gera skatta- og tollaumhverfi fyrir innflutning vetnisbifreiða til tilrauna og rannsókna og sérhæfða varahluti í þær hagstæðara og um leið betur samkeppnishæft við helstu nágranna- og samkeppnislönd. Slíkt er til þess fallið að stuðla að auknum alþjóðlegum rannsóknum á þessu sviði hér á landi.

F.h.r.

Kristján Skarphéðinsson

Baldur Pétursson

Alþingi
Erindi nr. P 131/1518
komudagur 25.4.2005

Íslensk NýOrka ehf

Borgartúni 37, P.O. Box 8192, 128 Reykjavík, Iceland
Phone: +354-588-0310 Fax: +354-588-0315 Email: skulason@newenergy.is

Reykjavík, 22.04.05

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd

Umsögn vegna frumvarps um breytingu til laga um virðisaukaskatt o.fl. 697 mál, vetnisbifreiðar

Um nokkurt skeið hefur það verið opinber stefna Íslands, ríkisstjórnarinnar, að stuðla að bættu umhverfi til vetnisrannsókna á Íslandi og er það væntalega tilgangurinn með þessu frumvarpi. Undirritaður tók nokkurn þátt í undirbúningsvinnu við frumvarpið og hefur NýOrka lagt á það mikla áherslu að VSK og önnur gjöld, t.d. bifreiðargjöld yrðu niðurfelld að fullu á vetnisbíla. Sem dæmi þá hafa Norðmenn nú þegar gert slíkt.

Ástæður eru helst þær að vetnisbílar eru ekki til á almennum markaði í dag og ljóst er að svo mun vera í nokkur ár. Allar vetnisbifreiðar í dag eru smíðaðar sem tilrauna- og rannsóknartæki. Við þær aðstæður verða slíkar bifreiðar mjög dýrar og ekki hannaðar til að koma í stað annarra bíla, í bili. Sem dæmi má nefna, að þeir vetnisstrætisvagnar sem nú eru í umferð á götum borgarinnar komu ekki í stað annarra vagna heldur átti Strætó bs. varavagna fyrir alla þrjá vagnanna. Strætisvögnum fjölgaði því um þrjá. Af þeim eru greidd bifreiðargjöld svo að tekjur ríkisjóðs af bifreiðargjöldum hafa því aukist sem því nemur (nokkur hundruð þúsund).

Sama mun gilda um fyrstu vetnisbílanna.

Vetnisvagnarnir sem komu til landsins árið 2003 kostuðu hver fyrir sig 1,3 milljónir EVRA sem var á þeim tíma um 110 milljónir kr. VSK á alla þrjá vagnanna var 82 milljónir og ef það fást 2/3 endurgreitt eins og gert er ráð fyrir í þessum tillögum fengjust riflega 54 milljónir endurgreiddar. Eftir stendur að VSK væri u.þ.b. 28 milljónir sem færu til ríkisjóðs. Þetta er rúmlega heildarviðri díselstrætisvagns í dag. Sama mun gilda um fyrstu bílana. Þeir bílar sem nú þegar eru í umferð í heiminum (innan við 200 farartæki) kosta um 1 milljón \$. Það er þó ljóst að slíkur kostnaður gæti lækkað á næstu 2-3 árum niðri 250.000 \$. Meðfylgjandi tafla sýnir útreikninga VSK miðað við þetta.

	milljónir kr.		
Vetnisbíll	15	60	100*
VSK, 24,5%	3,7	14,7	24,5
Endurgreiðsla VSK miðað við þetta frumvarp	2,4	9,7	16,2
VSK til Ríkisjóðs miðað við þetta frumvarp	1,2	5,0	8,3

* Vetnisstrætisvagn

Þessi tafla sýnir glögglega um hvað er að ræða. Gott dæmi er sá vetnibíll sem nú er kominn tímabundið til landsins vegna ráðstefnu í næstu viku er metin á 1 milljón EVRA og væri VSK til ríkisjóðs af slíkum bíl um 6 milljónir kr. eftir endurgreiðslu. Þetta er A-Class Mercedes og kostar bensínútgáfa á slíkum bíl helmingi minna en bara VSK sem væri á vetnisbílnum.

Þetta frumvarp nær aðeins til ársloka 2008 og má telja afar ólíklegt að verð slíkra bíla lækki mikið fram að þeim tíma. Flest bifreiðarfyrirtæki í dag gera ráð fyrir því að raðsmíði slíkra bíla hefjist á árabílinu 2010-2012 og fjöldaframleiðsla eftir 2015 og þá fyrst verða vetnisbílar samkeppnishæfir í verði.

Með þessari breytingu á lögum er ekki verið að stuðla að því að gera Ísland af góðu svæði til vetnirannsókna. Ljóst er að þessar breytingum ná skammt ef stefnt er að áframhaldandi rannsóknum og tilraunum með vetnisbíla á Íslandi. Þegar lagt var af stað í þessa vinnu lagði NýOrka á það áherslu að VSK yrði að fullu felldur niður yfir þetta tímabil, enda væri eingöngu um rannsóknir að ræða. Tekjutap ríkisjóðs yrði ekkert enda kæmu þessir bílar sem aukabílar til landsins, fyrst og fremst sem rannsóknartæki.

Ekki má gleyma öðrum jákvæðum hlutum sem hafa gerst í tengslum við vetnisverkefnið. T.d. hafa komið yfir 400 blaða- og fréttamenn til landsins til að fjalla um verkefnið og gerðir hafa verið um 10 langir (30 mín. +) þættir um verkefnið. Sjónvarsstöðvar frá öllum heimshlutum hafa komið að Afríku undanskilinni. Efnið hefur verið sýnt á BBS, PBS, DK, ARTE, NRK og svona mætti lengi telja. Greinaskrif eru í hundraða ef ekki þúsundatali um verkefnið. Slíka umfjöllun er mjög erfitt að meta til fjár. Einnig hafa komið yfir 2000 gestir til að heimsækja verkefnið (90% þessara aðila koma utan hefðbundins ferðamannatíma, þ.e. á veturna).


Vetni og vetnisbílar verða á rannsóknar og tilraunastigi að minnsta kosti næstu 3-7 árin. Ljóst er að þróun gæti orðið örari en fyrir árslok 2008 munu vetnibílar verða langt frá því að verða samkeppnishæfir. Ég tel því mikilvægt að fella niður öll gjöld á vetnisbíla þessi fyrstu ár enda mun það hafa jákvæð áhrif á mörgum sviðum en engin neikvæð varðandi tekjuöflun ríkisjóðs. Frændur okkar í Noregi hafa farið þessa leið og í samvinnu við borgaryfirvöld í því landi eru ekki bílastæðagjöld, ekki vegagjöld og svo framvegis á vetnis- og/eða rafbílum. Ljóst er að jákvætt hefði verið fyrir orkuumhverfið á Íslandi að hafa rafbíla (þ.e. bíla knúnum raforku frá rafgeymum) með í þessu frumvarpi.

Breyting á lögum nr. 29/1993 er mjög jákvæð.

Breyting á lögum nr. 97/1987 er mjög jákvæð.

Breyting á lögum nr. 55/1987 er mjög jákvæð.

Með bestu kveðjum



Jón Björn Skúlason
Frankvæmdastjóri

Nefndasvið Alþingis
b.t.: efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10

Tilvísun vor: 98.11
Dags.: 22.04.2005

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn Landsvirkjunar á frumvarpi til laga um virðisaukaskatt o.fl. 697. mál, vetnisbifreiðar**

Með bréfi nefndarinnar dags. 18. apríl 2005 var Landsvirkjun sent til umsagnar frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, 697. mál.

Landsvirkjun gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta. Landsvirkjun leyfir sér þó að benda á að heppilegra kunni að vera að hafa stuðning, sem hið opinbera veitir einstökum verkefnum eða málefnum, í formi beinna framlaga fremur en margvíslegra undanþága frá þeim reglum sem almennt gilda. Með því móti fæst gleggri yfirsýn yfir það í hverju stuðningurinn er fölginn og hversu mikill hann er. Einnig auðveldar það nauðsynlegan og raunhæfan samanburð við stöðu þeirra sem lúta þeim almennu reglum sem gilda á viðkomandi sviði.

Virðingarfyllst



Friðrik Sophusson
forstjóri



Alþingi
Erindi nr. P 131/1348
komudagur 18.4.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Bt. Stefán Árni Auðólfsson ritari nefndarinnar
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Gufunesi 14.05.2005

VARÐAR: UMSÖGNUM UM FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á LÖGUM NR. 50/1988, UM VIRÐISAUKASKATT, LÖGUM NR. 29/1993, UM VÖRUGJALD AF ÖKUTÆKJUM, ELDSNEYTI O.F.L., LÖGUM NR. 97/1987 UM VÖRUGJALD OG TOLLALÖGUM NR. 55/1987, MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM, ÞINGSKJAL 1055 – 697 MÁL.

Fyrir hönd Metan hf. vill undirritaður koma á framfæri eftirfarandi ábendingum vegna ofangreinds frumvarps.

1. Það er mikið fagnaðarefni að ýtt sé undir notkun nýrra, vistvænna og óhefðbundinna orkugjafa til notkunar sem eldsneyti á ökutæki og að þannig sé loftmengun verðlögð á óbeinan hátt. Vonandi er þetta vísir að áframhaldandi þróun í þessa átt.
2. Í ofangreindu frumvarpi, 2. gr. frumvarpsins er heitið eftirgjöf á virðisaukaskatti „að 2/3 hluta af vetnisbifreiðum sem fluttar eru til landsins í tilraunaskyni“. Í þessu sambandi er rétt að benda á að t.d. metan og lífdísel eru innlendir vistvænir orkugjafar sem treglega hefur gengið að koma á markað m.a. vegna þess að þessi ökutæki eru dýrari en hefðbundin. Mengun frá slíkum ökutækjum og ökutækjum með rafhreyfli er hverfandi og því vandséð hvers vegna þetta ákvæði nær eingöngu til vetnisbifreiða.
3. Í 4. gr. frumvarpsins er gjaldskyldu, skv. lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl., létt af „ökutækjum sem hafa í för með sér hverfandi mengun og eru knúin óhefðbundnum orkugjafa, svo sem rafhreyfli eða vetni...“. Rétt væri að taka allan vafa af í þessu sambandi og tilgreina t.d. einnig ökutæki sem eingöngu eru knúin metan og lífdísel, en notkun þeirra hefur sannanlega hverfandi mengun í för með sér. Hætt er á að túlkun þessarar greinar verði sú að önnur ökutæki en knúin rafhreyfli eða vetni falli ekki undir þetta ákvæði.

Stór verkefni eru í gangi til að koma metan á framfæri sem orkugjafa, bæði austan hafs og vestan. Má þar t.d. benda á vinnu *European Natural Gas Vehicle Association* (ENGVA, www.engva.org) og alþjóðlegs samstarfsvettvangs er kallast „Methane-to-markets“ og er samstarfsvettvangur 14 þjóða (sjá www.methanetomarkets.org). Með því að bæta þannig samkeppnishæfni fyrir metan sem ökutækjaeldsneyti má fá hingað til lands hluta af þeim alþjóðlegu rannsóknarverkefnum sem unnið er að víðsvegar um heiminn.

b04132005.doc / bhh



ORKUSTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1540
komudagur 25. 4. 2005

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndasvið
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. apríl 2005
Tilvísun: 2005040021
Bréfalykill: 50.13

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl.


Orkustofnun hefur borist erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. apríl 2005, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl., 697 mál vetnisbifreiðar.

Frumvarpið þjónar þeim megintilgangi að auðvelda uppsetningu og rekstur rannsóknarverkefna sem snúa að reynsluakstri vetnisbifreiða. Frumvarpið er að mati Orkustofnunar nokkuð vel sniðið að þessu markmiði.

Hins vegar telur Orkustofnun að heppilegra hefði verið að láta frumvarpið ná til allra bifreiða sem fylgir hverfandi mengun, og fluttar eru inn í rannsóknarskyni, t.d. rafmagnsbifreiða og gasbifreiða. Þá þyrfti ekki að breyta lögum í hvert skipti sem vilji væri til að ráðast í tilraunaverkefni tengd annars konar orkugjöfum.

Í lögnum er einnig ákvæði um endurgreiðslur til hópibifreiða. Þar er núverandi gildisákvæði laga nr. 50/1988 framlengt. Orkustofnun bendir á að gagnlegt væri ef þetta ákvæði næði einnig til strætisvagna, enda kynni það að leiða til ódýrara fargjalds og endurnýjunar strætisvagna, en nýjum vögnum fylgir að jafnaði minni mengun.

Orkustofnun telur ólíklegt að rikissjóður tapi á undanþágum skv. frumvarpinu, enda ólíklegt að innflutningur vetnisbifreiða ætti sér stað ef ekki nyti undanþága frá vörugjöldum og virðisaukaskatti.

Virðingarfyllst

Agust Valfells


Elín Smáradóttir

Alþingi
Erindi nr. P 131/1467
komudagur 22.4.2005

DAGSETNING

TILVÍSUN


Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. apríl 2005 · 2005040221

Með bréfi dags. 18. apríl sl. sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis ríkisskattstjóra til umsagnar frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl., 697 mál, vetnisbifreiðar.

Ekki er tilefni af hálfu embættisins til að gera athugasemd við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst



Indriði H. Þorláksson
ríkisskattstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 131/1601
komudagur 26.4.2005



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 150 Reykjavík

kennitala: 550269 - 1639

sími: 545 8200, bréfsími: 562 1702,

netfang: postur@sam.stjr.is,

veffang: <http://www.samgonguraduneyti.is>

Alþingi
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Tilvísun:

SAM05040080/006.3


20. apríl 2005


RG/--

Samgönguráðuneytið vísar til erindis Alþingis frá 18. apríl 2005 þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um að til 31. desember 2008 skuli vera lægri virðisaukaskattur af vetnisbifreiðum, og sérhæfðum varahlutum í þær, sem fluttar eru inn til rannsóknar, enginn tollur af sérhæfðum varahlutum í vetnisbifreiðar sem fluttir eru inn til rannsókna, ökutæki sem knúin eru óhefðbundnum orkugjafa skuli undanþegin vörugjaldi og vörugjald fellt niður af sérhæfðum varahlutum til vetnisbifreiða. Þá skuli heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna leigu og kaupa á hópferðabílum og gilda áttu til ársloka 2005, framlengd um eitt ár.

Samgönguráðuneytið tekur undir þau rök sem fram koma í rökstuðningi með frumvarpinu og styður það fyrir sitt leyti.

f.h.r.



Ragnhildur Hjaltadóttir


Jóhann Guðmundsson

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbref: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 131/1541
komudagur 25.4.21/1.



Efnahags og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um virðisaukaskatt og fl. 697. mál.

Samtök ferðapjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og fagna því ákvæði sem framlengir heimild til að endurgreiða hluta af virðisaukaskatti við kaup á hóp bifreiðum af ákveðinni gerð. Einnig fagna samtökin heimildum til að liðka fyrir innflutningi vetnisbifreiða þar sem slíkt er skref í þá átt að styrkja stöðu Íslands í framþróun í vetnistækni.

Hvað varðar framlenginguna á heimild til endurgreiðslu til hóp bifreiða þá er ljóst að ef hún hefði ekki komið til hefði orðið veruleg röskun á endurnýjun slíkra bíla þar sem þeir hefðu verið keyptir í einhverju mæli á þessu ári en síðan ekki í nokkur næstu ár á eftir.


Samtökin vilja vekja athygli nefndarinnar á að afar brýnt er að staða greinarinnar – fólksflutningar á landi – verði endurskoðuð og rekstrarumhverfið skilgreint þannig að tímabundnar leiðréttingar sem þessar verði óþarfar.

Samtökin vilja leggja til að skipaður verði vinnuhópur með fulltrúum SAF, samgönguráðuneytis og fjármálaráðuneytis. Hlutverk hópsins verði að móta þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að tryggja, ekki bara rekstrarlega stöðu þeirra fyrirtækja sem starfa í greininni, heldur miklu frekar þann þjóðhagslega ávinning sem fylgir öflugum almenningssamgöngum og mikilli notkun hóp bifreiða. Er sá ávinningur bæði mikill fyrir samfélagið í heild, bætt umferðaröryggi og umhverfislegur bæði hvað varðar bættu nýtingu mannvirkja og minni mengunar. Samtökin vilja benda á að bæði í Svíþjóð og Noregi hafa stjórnvöld með markvissum aðgerðum í gegnum virðisaukaskattskerfi þeirra landi styrkt rekstrarstöðu greinarinnar verulega.

Samtökin eru að sjálfsögðu reiðubúin til að koma á fund nefndarinnar sé þess óskað og skýra frekar sjónarmið sín í þessu máli.

Virðingarfyllst

Fh. Samtaka ferðapjónustunnar


Þorleifur Þór Þorsson
hagfræðingur

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1469
komudagur 22.4.2005



Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2005

Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl, lögum nr. 97/1987, um vörugjald, og tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum, 697. mál.

Samtök iðnaðarins styðja að ofangreint frumvarp verði að lögum.

Tilraunir með vetni sem aflagjafa fyrir bifreiðar eru liður í nýsköpunar- og þróunarverkefni þar sem Íslendingar taka virkan þátt. Sjálfsagt og eðlilegt er að styðja við verkefni af þessu tagi með tilslökun í skattkerfinu, sérstaklega í ljósi þess að ekki er um að ræða merkjanleg áhrif á samkeppni við aðrar bifreiðar né verulegan tekjumissi fyrir ríkissjóð.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi

Erindi nr. P 131/1781

komudagur 2.5.2005 Reykjavík, 2. maí 2005

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Málefni: Umsögn um mál 697, um virðisaukaskatt o.fl. af vetnisbifreiðum.

Skeljungur hf. hefur fengið til umsagnar framangreint mál og vill setja fram eftirfarandi sjónarmið.

Þátttaka í tilraunum um vetnisvæðingu íslensks samfélags er afar kostnaðarsamt verkefni og mörg ár, jafnvel áratugir munu líða þar til það skilar sér í ávinningi fyrir íslenskt samfélag. Skeljungur hf. tók þá samfélagslegu ákvörðun að leggja sitt af mörkum til að stuðla að því verkefni sem verið hefur í gangi frá árinu 2003 og lýtur að framleiðslu og afgreiðslu vetnis á þrjá strætisvagna Strætó bs. Frá upphafi verkefnisins hefur Skeljungur hf. lagt af mörkum yfir 100.000.000,- króna en tekjur af vetnissölu félagsins nema aðeins tæpum 5 milljónum á sama tíma. Sá kostnaður sem félagið hefur lagt í umfram tekjur verður því að líta á sem framlag Skeljungs til orkurannsókna á Íslandi og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til stuðla að sjálfbærni vetnissamfélagi á Íslandi í framtíðinni. Mikilvægt er því að sá kostnaður sem þegar hefur verið lagður í vetnissamfélagið nýtist í áframhaldandi verkefnum, en það er eingöngu gert með veglegum stuðningi hins opinbera til slíkra verkefna.

Skv. 2. gr. er veitt heimild til endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts af vetnisbifreiðum, svo og af sérhæfðum varahlutum í þær, séu þær fluttar inn í rannsóknarskyni. Það hlýtur að teljast eðlileg og sanngjörn krafa þeirra sem leggja rannsóknarstarfi lið að aðföng vegna þeirra séu algerlega undanskilin opinberum gjöldum. Skattheimta þótt takmörkuð sé lýsir ekki þeim vilja og metnaði sem stjórnvöld eiga og vilja sýna til þróunar í þágu vetnisvæðingar íslensks samfélags.

Stjórnvöld hafa lagt áherslu á að skapa hér skilyrði til þess að Ísland geti orðið vettvangur alþjóðlegra rannsókna á sviði vetnis. Takmarnaður virðisaukaskattur sem lagður yrði á fáar bifreiðar, sem að öllum líkendum yrðu fjármagnaðar af erlendum framleiðendum geta orðið táknræn hindrun í að laða erlent fjármagn til rannsókna hér á landi. Jafnframt myndi virðisaukaskattur skapa mismunun á milli fyrirtækja og stofnana sem í dag geta dregið greiddan virðisaukaskatt frá innheimtum skatti og þeirra sem ekki geta það, sbr. fyrirtæki í póstdreifingu, fólksflutningum og opinber fyrirtæki. Því er eindregið lagt til að Alþingi heimili fulla endurgreiðslu virðisaukaskatts en ekki aðeins 2/3 hluta hans sbr. 2. gr.

Sé frekari upplýsinga óskað vinsamlega hafið samband við undirritaðan.

Skeljungur hf.

Ólafur Jónsson
Ólafur Jónsson.



Shell Distributor

Alþingi
Erindi nr. P 131/1468
komudagur 22.4.2005



Nefndarsvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 2005
Tilvísun: 2005040053/90.12; lagafrumvörp; reglur
KHS/BH
18.04.2005

Efni: Umsögn Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl., 697. mál, vetnisbifreiðar

Með bréfi, dags. 18. apríl sl., er óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt o.fl., 697. mál, vetnisbifreiðar.

Vegagerðin gerir engar athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,

Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1612
komudagur 26.4.2005



VERSLUNARRÁÐ
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE
Stofnað 1917

SAMTÖK
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2005.

Efni: Frv. til I. um br. á lögum um vsk., lögum um vörugjald af ökutækjum, lögum um vörugjald og tollalögum (697. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Fyrsta dag þessa mánaðar gaf Verslunarráð út *Skoðun* þar sem gamlir draugar í skattkerfinu voru gerðir að umfjöllunarefni. Verslunarráð skoðaði ýmsar þær undanþágur og sérreglur sem í gildi eru á ýmsum sviðum skattkerfisins. Sá skatta- og vörugjaldafrumskógur sem bilgreinin hefur þurft að búa við var sérstaklega til umfjöllunar. Að mati Verslunarráðs hefur það komið niður á bæði atvinnulífinu og almennum neytendum á þessum markaði hversu ógagnsætt og flókið skattkerfi bilgreinin býr við. Var það einmitt tillaga Verslunarráðs í áðurnefndri *Skoðun* að vinna yrði lögð í það á næstu misserum að grisja þennan skattafrumskóg og kveða niður þá mörgu gömlu drauga sem enn sveima þar yfir.

Enn einu sinni eru nú boðaðar skattalagabreytingar sem eru til þess fallnar flækja hið ofurflókna skattkerfi, og nú í nafni umhverfisverndar. Ofangreint frumvarp er ekki í anda þess sem Verslunarráð hefur talið æskilegt og hvetur ráðið löggjafann til þess miklu frekar að stuðla að einfaldara, gagnsærra og minna íþyngjandi skattaumhverfi fyrir mannsins þarfasta þjón, bilinn.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður A. Andersen.

Póstáritun:
Verslunarráð Íslands
Húsi verslunarinnar
Kringlan 7
103 Reykjavík

Sími: 510 7100
Bréfsími: 568 6564
Netfang: mottaka@chamber.is
Website: www.chamber.is